

Alþingi  
Erindi nr. P 139/9/12  
komudagur 10. 3. 2011

10. mars 2011

Allsherjarnefnd,  
nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Stjórnarskrárfélagið hefur tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um skipun stjórnlagaráðs (þingskj. 930 - 549. mál) og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

- Félagið vekur athygli á nauðsyn þess að almenningi sé gefinn kostur á að koma á framfæri tillögum um innihald stjórnarskrárinnar auk athugasemda við þau mál sem stjórnlagaráð fjallar um.
- Í því skyni leggur félagið það til að sá tími sem stjórnlagaráð hefur til umræða sé lengdur í minnst níu mánuði. Mælt er með að þessir níu mánuðir skiptist í þriggja mánaða þinghald, þriggja mánaða kynningu og umræðu meðal almennings og að lokum þriggja mánaða úrvinnslu.
- Frumvarp stjórnlagaráðs verði borið undir þjóðina áður en það kemur til umfjöllunar á Alþingi.
- Félagið leggur áherslu á að gagnsæi verði haft að leiðarljósi og að stjórnlagaráði verði tryggt fjárhagslegt bolmagn til að sinna upplýsingahlutverki sínu með sóma.

F.h. Stjórnarskrárfélagsins

Daði Ingólfsson



